

2000 nr. 24 16. maí**Lög um kosningar til Alþingis**

Tóku gildi 19. maí 2000. *Breytt með* l. 15/2003 (tóku gildi 26. mars 2003), l. 50/2006 (tóku gildi 1. júlí 2006), l. 162/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 7/2009 (tóku gildi 5. mars 2009, féllu úr gildi 1. des. 2009), l. 16/2009 (tóku gildi 20. mars 2009), l. 77/2010 (tóku gildi 1. júlí 2010), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 28/2012 (tóku gildi 1. júní 2012), l. 111/2012 (tóku gildi 18. okt. 2012), l. 117/2012 (tóku gildi 30. nóv. 2012) og l. 8/2013 (tóku gildi 27. febr. 2013).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **innanríkisráðherra** eða **innanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Kosningarréttur og kjörgengi.

■ **1. gr.** Kosningarrétt við kosningar til Alþingis á hver ís-
lenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning
fer fram og lögheimili á hér á landi.

□ Íslenskur ríkisborgari, sem náð hefur 18 ára aldri og átt
hefur lögheimili hér á landi, á og kosningarrétt:

a. í átta ár frá því að hann flutti lögheimili af landinu, talið
frá 1. desember næstum fyrir kjördag,

b. eftir þann tíma sem greinir í a-lið enda hafi hann sótt
um það samkvæmt nánari reglum í 2. gr.

■ **2. gr.** Umsókn um kosningarrétt skv. b-lið 2. mgr. 1. gr.
skal send [Þjóðskrá Íslands]¹⁾ á þar til gerðu eyðublaði þar
sem fram kemur nafn umsækjanda, kennitala hans, hvenær
hann flutti af landi brott, síðasta lögheimili á landinu og
heimilisfang erlendis. Umsókn skal jafnframt bera með sér
yfirlýsingu umsækjanda um að hann sé enn íslenskur rík-
isborgari. [Þjóðskrá Íslands]¹⁾ lætur eyðublað þessi í té og
skulu þau liggja þar frammi, í skrifstofum sendiráða og fasta-
nefnda, í sendiráðisskrifstofum og í skrifstofum kjöræðis-
manna. Ekki skal taka til greina umsókn sem berst [Þjóð-
skrá Íslands]¹⁾ meira en einu ári áður en réttur skv. a-lið 2.
mgr. 1. gr. fellur niður. Ef umsókn er fullnægjandi tilkynnir
[Þjóðskrá Íslands]¹⁾ umsækjanda það og hlutaðeigandi sveit-
arstjórn. Ákvörðun um að einhver skuli þannig tekinn á kjör-
skrá gildir í fjögur ár frá 1. desember næstum eftir að umsókn
var lögð fram.

□ Ákvæði þessi gilda á sama hátt um endurnýjun kosning-
arréttarins.

¹⁾ L. 77/2010, 5. gr.

■ **3. gr.** Enginn getur neytt kosningarréttar nema nafn hans
sé á kjörskrá þegar kosning fer fram.

■ **4. gr.** Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá
sem kosningarrétt á skv. 1. gr. og hefur óflekkað mannorð.
Hæstaréttardómarar . . . ¹⁾ eru þó ekki kjörgengir.

¹⁾ L. 16/2009, 1. gr.

■ **5. gr.** Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur
eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningssáliti
nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

□ Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs
í för með sér nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára
að aldri er hann framdi brotið og refsing sé fjögurra mánaða
fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla
sé dæmd.

II. kafli. Kjördæmi.

■ **6. gr.** Kjósundur neyta kosningarréttar síns í kjördæmum
eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum er lög þessi setja.
Landinu er skipt í kjördæmi sem hér segir:

[1. *Norðvesturkjördæmi.*

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Akraneskaupstað-
ur, [Hvalfjarðarsveit],¹⁾ Skorradalshreppur, [Borgarbyggð],¹⁾

Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðar-
bær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Dalabyggð, . . . ¹⁾
Reykholahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bol-
ungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Ár-
neshreppur, Kaldrananeshreppur, [Strandabyggð],¹⁾ . . . ²⁾
Húnaþing vestra, [Húnavatnshreppur],¹⁾ Blönduósibær, . . . ¹⁾
Skagabyggð, [Sveitarfélagið Skagaströnd],¹⁾ Sveitarfélagið
Skagafjörður og Akrahreppur.

2. *Norðausturkjördæmi.*

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: [Fjallabyggð],¹⁾ . . . ²⁾
Dalvíkurbyggð, . . . ¹⁾ [Hörgársveit],²⁾ Akureyrarkaupstað-
ur, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakka-
hreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, [Norðurþing],¹⁾
Tjörneshreppur, . . . ¹⁾ Svalbarðshreppur, [Langanesbyggð],¹⁾
Vopnafjarðarhreppur, [Fljótsdalshérað],¹⁾ Fljótsdalshreppur,
. . . ¹⁾ Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarða-
byggð, . . . ¹⁾ Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.

3. *Suðurkjördæmi.*

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Sveitarfélagið
Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing
eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Vestmannaeyjabær,
[Flóahreppur],¹⁾ Sveitarfélagið Árborg, . . . ¹⁾ Skeiða- og
Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð,
Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfé-
lagið Ölfus, [Grindavíkurbær],¹⁾ Sandgerðisbær, [Sveitarfé-
lagið Garður],¹⁾ Reykjanesbær og [Sveitarfélagið Vogar].¹⁾³⁾

4. *Suðvesturkjördæmi.*

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Hafnarfjarðarkaup-
staður, Garðabær, . . . ²⁾ Kópavogsbær, Seltjarnarkeppur,
Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

5.–6. *Reykjavíkurbjördæmi suður og norður.*⁴⁾

Reykjavík skal skipta frá vestri til austurs í tvö kjördæmi,
suðurkjördæmi og norðurkjördæmi, eftir því sem fyrir er
mælt í 7. gr.

□ Verði heiti eða mörkum sveitarfélags breytt eða sameinist
tvö eða fleiri þeirra skal litið svo á að sveitarfélagið, sem til
verður í staðinn, heyri til þess kjördæmis sem það eldra eða
þau eldri heyrðu til. Varði slík breyting mörk kjördæma skulu
þau þó haldast óbreytt.

¹⁾ L. 16/2009, 2. gr. ²⁾ L. 8/2013, 1. gr. ³⁾ L. 15/2003, 1. gr. ⁴⁾ Sjá og lög nr. 62/
2001, um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurbjördæma suð-
ur og norður, og lög nr. 70/2003, um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og
Reykjavíkurbjördæmis suður.

■ **7. gr.** Þegar boðað hefur verið til almennra alþingiskos-
ninga skal landskjörstjórn ákveða mörk kjördæma í Reykjavík
miðað við íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag, sbr.
1. mgr. 23. gr. Skulu mörkin við það miðuð að kjósundur
í hvoru kjördæmi um sig að baki hverju þingsæti, að með-
töldum jöfnunarsætum, séu nokkurn veginn jafnmargir. Gæta
skal þess, eftir því sem kostur er, að hvort kjördæmi sé sem
samfelldust heild.

□ Landskjörstjórn auglýsir mörk kjördæmanna í Stjórnar-
tíðindum jafnskjótt og þau liggja fyrir, og eigi síðar en fjórum
vikum fyrir kjördag.¹⁾

¹⁾ Augl. 346/2009.

■ **8. gr.** Þingsæti eru 63 og skiptast þannig milli kjördæma:
Norðvesturkjördæmi [8]¹⁾ þingsæti
Norðausturkjördæmi 10 þingsæti
Suðurkjördæmi 10 þingsæti
Suðvesturkjördæmi [13]¹⁾ þingsæti
Reykjavíkurbjördæmi suður 11 þingsæti
Reykjavíkurbjördæmi norður 11 þingsæti

□ Í Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi skulu vera níu kjördæmissæti og eitt jöfnunarsæti í hverju kjördæmi. Í Suðvesturkjördæmi, Reykjavíkurborgkjördæmi norður og Reykjavíkurborgkjördæmi suður skulu vera níu kjördæmissæti og tvö jöfnunarsæti í hverju kjördæmi.

□ Þrátt fyrir það sem segir í 1. og 2. mgr. getur landskjörstjórn breytt fjölda kjördæmissæta í hverju kjördæmi í samræmi við 9. gr.

¹⁾ Augl. 433/2009.

■ **9. gr.** Eftir hverjar alþingiskosningar skal landskjörstjórn reikna út hvort kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum skv. 2. mgr. 8. gr., séu helmingi færri í einu kjördæmi en kjósendur að baki hverju þingsæti í einhverju öðru kjördæmi, miðað við kjörskrá í nýafstöðnum kosningum, sbr. 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar. Ef svo er skal landskjörstjórn breyta fjölda kjördæmissæta í kjördæmum þannig að dregið verði úr þessum mun. Sú breyting má þó aldrei verða meiri en þörf krefur hverju sinni til þess að fullnægja fyrirmælum þessa stjórnarskrárákvæðis.

□ [Við útreikning skv. 1. mgr. skal fyrst miða við fjölda þingsæta í kjördæmum skv. 1. mgr. 8. gr. Ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi skal færa eitt kjördæmissæti frá því kjördæmi sem hefur fæsta kjósendur að baki hverju þingsæti til þess kjördæmis sem hefur flesta kjósendur að baki hverju þingsæti. Að því loknu er fjöldi kjósenda að baki hverjum þingmanni reiknaður að nýju miðað við þessa breytingu og kjördæmissæti fært milli kjördæma svo oft sem þörf krefur þar til hlutfall kjósenda að baki hverju þingsæti fer hvergi yfir þau mörk sem koma fram í 1. mgr.]¹⁾

□ Landskjörstjórn auglýsir breytinguna í Stjórnartíðindum jafnskjótt og hún hefur verið gerð.²⁾

□ Heimild landskjörstjórnar til að breyta þingmannatölu í kjördæmum samkvæmt þessari grein nær þó aðeins til þeirra kjördæmissæta sem eru umfram stjórnarskrárbundið lágmark, sbr. 3. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar.

¹⁾ L. 16/2009, 3. gr. ²⁾ Augl. 433/2009.

III. kaffi. Kjördeildir.

■ **10. gr.** Hverju kjördæmi skal skipt í kjördeildir og er hvert sveitarfélag ein kjördeild nema sveitarstjórn hafi ákveðið að skipta því í fleiri kjördeildir.

□ Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstað eða tölu-setja til aðgreiningar.

IV. kaffi. Kjörstjórnir.

■ **11. gr.** Kjörstjórnir við alþingiskosningar skulu vera þrenns konar:

a. Landskjörstjórn.

b. Yfirkjörstjórnir [og umdæmiskjörstjórnir, sbr. 3. mgr. 13. gr.]¹⁾

c. Undirkjörstjórnir og aðrar kjörstjórnir sveitarfélaga, sbr. 2. mgr. 15. gr.

¹⁾ L. 15/2003, 2. gr.

■ **12. gr.** Alþingi kýs eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm manna landskjörstjórn og jafnmarga til vara. Landskjörstjórn velur sér sjálf oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verum. [Nú fær framboð sem á fulltrúa á Alþingi ekki kjörinn fulltrúa í landskjörstjórn og skal því þá heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í henni. Áheyrnarfulltrúi hefur sama rétt og kjörinn fulltrúi annan en atkvæðisrétt.]¹⁾

¹⁾ L. 117/2012, 1. gr.

■ **13. gr.** Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn. Skal hún skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara og eru þeir kosnir af Alþingi á sama hátt og landskjörstjórn. Kýs hún sér sjálf

oddvita. [Nú fær framboð sem á fulltrúa á Alþingi ekki kjörinn fulltrúa í yfirkjörstjórn og skal því þá heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í henni og annan til vara. Áheyrnarfulltrúi hefur sama rétt og kjörinn fulltrúi annan en atkvæðisrétt.]¹⁾

□ Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum og þar sem hún dvelst meðan kosning fer fram, og skal aðsetur hennar liggja eins vel við samgöngum og kostur er.

□ [Yfirkjörstjórn getur ákveðið að í kjördæmi sé umdæmiskjörstjórn og ákveður umdæmi hennar. Skal hún kosin af yfirkjörstjórn og skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Umdæmiskjörstjórn kýs sér sjálf oddvita. Við sérstakar aðstæður getur ráðherra heimilað tvær umdæmiskjörstjórnir í hverju kjördæmi sem kosnar skulu á sama hátt.]²⁾

¹⁾ L. 117/2012, 2. gr. ²⁾ L. 15/2003, 3. gr.

■ **14. gr.** Nú forfallast landskjörstjórnar- eða yfirkjörstjórnarmaður og varamaður er ekki tiltækur, og skipar ráðherra menn í þeirra stað eftir tillögu þeirra samtaka sem kusu þá á Alþingi.

■ **15. gr.** Í hverri kjördeild skal vera undirkjörstjórn, skipuð þremur mönnum, sem sveitarstjórn kýs og jafnmarga til vara.

□ Í sveitarfélagi þar sem kjördeildir eru fleiri en ein getur sveitarstjórn kosið sérstaka þriggja manna kjörstjórn til að hafa umsjón með starfi undirkjörstjórnanna. Þar sem kjördeildir eru fleiri en ein á sama kjörstað skal sveitarstjórn kjósa þriggja manna [hverfiskjörstjórn]¹⁾ til að hafa með höndum stjórn undirkjörstjórnanna á kjörstaðnum. Ef slíkir kjörstaðir eru fleiri en einn skal sveitarstjórn á sama hátt kjósa sérstaka yfirkjörstjórn sveitarfélagsins. Með samþykki yfirkjörstjórnanna Reykjavíkurborgkjördæma getur borgarstjórn ákveðið að þær kjörstjórnir fari með verkefni yfirkjörstjórnar í hvoru kjördæmi í Reykjavíkurborg. Kjörstjórnir þessar skulu jafnan vera reiðubúnar til að koma fyrirvaralaust á fundi á kjördegi til ákvarðana og úrskurða í sambandi við kosninguna ef með þarf.

□ Kjörstjórnir skulu kosnar á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til fjögurra ára í senn. Þar sem kosnar eru kjörstjórnir skv. 2. mgr. er sveitarstjórn heimilt að fresta kosningu undir- og hverfiskjörstjórnanna þannig að þær verði kosnar til eins árs fyrir hverjar almennar alþingiskosningar. Sveitarstjórn er einnig heimilt að fresta kosningu eins eða fleiri varamanna. Kjörstjórnir kjósa sér oddvita og skipta að öðru leyti með sér verum.

¹⁾ L. 16/2009, 4. gr.

■ **16. gr.** Sá sem sæti á í kjörstjórn skal víkja sæti ef hann er í kjöri til Alþingis.

□ Einnig skal kjörstjórnarmaður víkja sæti ef til úrskurðar er mál er varðar maka hans eða þann sem er skyldur honum eða mægður í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti við ættleiðingu.

■ **17. gr.** Varamenn taka sæti í kjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar, en annars eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir eða skipaðir. Ef kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð kveður hún sjálf til þann eða þá sem þarf til þess að talan sé fyllt.

■ **18. gr.** Það er borgaraleg skylda að taka sæti í kjörstjórn.

□ [Ráðherra]¹⁾ ákveður þóknun [fyrir störf og setu]²⁾ í landskjörstjórn, [yfirkjörstjórn og umdæmiskjörstjórn]³⁾ en sveit-

arstjórn ákveður þóknun [fyrir störf og setu]²⁾ í undirkjörstjórn og kjörstjórn skv. 2. mgr. 15. gr.

¹⁾ L. 126/2011, 298. gr. ²⁾ L. 117/2012, 3. gr. ³⁾ L. 15/2003, 4. gr.

■ **19. gr.** Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar. Í sveitarfélagi þar sem kosin er yfirkjörstjórn, sbr. 15. gr., er heimilt að ákveða að undirkjörstjórnir noti sérstök eyðublöð í stað gerðabókar.

□ Landskjörstjórn bókar ákvarðanir sínar um mörk kjördæma skv. 7. gr., um breytingu á þingmannatölu kjördæma skv. 9. gr., um stjórn málasamtök og framboð, um viðtöku kjörgagna, um atkvæðasamtölur stjórn málasamtaka, um útlutun þingsæta o.s.frv. Yfirkjörstjórnir bóka um viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra til landskjörstjórnar og viðtöku á ný, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar. Undirkjörstjórnir [og eftir atvikum umdæmiskjörstjórnir]¹⁾ bóka um allt sem fyrir er mælt í lögum þessum og máli skiptir um kosningarathöfnina.

□ [Ráðuneytið]²⁾ lætur í té og löggildir gerðabækur landskjörstjórnar, [yfirkjörstjórnar og eftir atvikum umdæmiskjörstjórnar].¹⁾ Yfirkjörstjórnir láta í té og löggilda gerðabækur undirkjörstjórnar.

□ [Ráðuneytið]²⁾ lætur kjörstjórnnum í té embættisinnsgli.

¹⁾ L. 15/2003, 5. gr. ²⁾ L. 162/2010, 162. gr.

V. kafli. Kjördagur.

■ **20. gr.** Almennar reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum, þó að einstöku kosningar hafi ekki farið fram á þeim degi.

□ [Ráðuneytið]¹⁾ skal auglýsa hvenær almennar reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram.

□ Kjörtímabilið er fjögur ár.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

■ **21. gr.** Nú er Alþingi rofið og ákveður forseti Íslands þá kjördag.

VI. kafli. Kjörskrár.

■ **22. gr.** Þegar boðað hefur verið til almennra alþingiskosninga skulu sveitarstjórnir gera kjörskrár á grundvelli kjörskrárstofna sem [Þjóðskrár Íslands]¹⁾ lætur þeim í té.

¹⁾ L. 77/2010, 5. gr.

■ **23. gr.** Á kjörskrá skal taka:

a. Þá sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 1. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrár þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag.

b. Þá sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr., og síðast átta skráð lögheimili hér á landi í sveitarfélaginu.

□ Þeim sem taka ber á kjörskrá í Reykjavík skv. b-lið 1. mgr. skal skipt á milli suður- og norðurkjördæmis í samræmi við 7. gr. Í suðurkjördæmi komi þeir sem fæddir eru fyrri hluta hvers mánaðar en í norðurkjördæmi þeir sem fæddir eru síðari hluta hvers mánaðar. Landskjörstjórn ákveður hvar mörkin skuli vera í mánuði, sbr. 1. mgr. 7. gr. Sama regla skal gilda um þá sem skv. a-lið 1. mgr. eru skráðir óstaðsettir í hús í Reykjavík.

■ **24. gr.** Kjörskrá skal rita á eyðublöð er [Þjóðskrár Íslands]¹⁾ lætur í té og skal farið nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum sem hún lætur skrá á þau.

□ Þegar kjörskrá hefur verið samin skal hún undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða [framkvæmdastjóra sveitarfélags].²⁾

¹⁾ L. 77/2010, 5. gr. ²⁾ L. 15/2003, 6. gr.

■ **25. gr.** [Ráðuneytið]¹⁾ skal eigi síðar en tólf dögum fyrir kjördag birta í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og dagblöðum auglýsingu um framlagningu kjörskráa. Í auglýsingu skal tekið fram að þeir sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá skuli senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

■ **26. gr.** Kjörskrá skal leggja fram almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag.

□ Sveitarstjórn skal auglýsa hvar kjörskrá liggur frammi á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

□ Eftir að kjörskrá hefur verið lögð fram skal hún liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

■ **27. gr.** Sveitarstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast við kjörskrá og gera viðeigandi leiðréttingar á henni ef við á. Slíka leiðréttingu má gera fram á kjördag.

□ Komi fram athugasemd um að nafn skuli tekið af kjörskrá skal það þegar tilkynnt hlutaðeigandi. Komi fram athugasemd um að taka skuli á kjörskrá einhvern sem ætla má að sé á kjörskrá í öðru sveitarfélagi skal það þegar tilkynnt hlutaðeigandi sveitarstjórn. Skal þeim veittur frestur, eftir því sem tími og atvik leyfa, til að koma að athugasemdum. Ef ágreiningur er um mál skal úrskurður ritaður með fáum orðum í gerðabók sveitarstjórnar.

□ Óheimilt er að breyta kjörskrá vegna nýs lögheimilis nema flutningur hafi átt sér stað í síðasta lagi fimm vikum fyrir kjördag og tilkynning um nýtt lögheimili hafi borist [Þjóðskrár Íslands]¹⁾ til skráningar fyrir sama tíma eða ef umsókn þess sem fellur undir b-lið 2. mgr. 1. gr. um að vera tekinn á kjörskrá hefur ekki borist [Þjóðskrár Íslands]¹⁾ fyrir 1. desember næstan fyrir kjördag.

□ Sveitarstjórn skal enn fremur fram á kjördag leiðrétta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eftir atvikum misst, íslenskt ríkisfang.

¹⁾ L. 77/2010, 5. gr.

■ **28. gr.** Sveitarstjórn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi um leiðréttingar á kjörskrá skv. 27. gr., svo og sveitarstjórn er mál getur varðað.

□ Sveitarstjórn skal jafnframt tilkynna hlutaðeigandi kjörstjórn um leiðréttingar á kjörskrá, svo og oddvita yfirkjörstjórnar.

■ **29. gr.** Nú hefur kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð eða um það hefur ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður, jafnskjótt sem hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það sem skort hefur á að færi lögum samkvæmt.

VII. kafli. Framboð.

■ **30. gr.** Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri sem í hlut á eigi síðar en kl. 12 á hádegis 15 dögum fyrir kjördag.

□ Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir eru í kjöri.

■ **31. gr.** Á framboðslista skulu vera nöfn tvöfalt fleiri frambjóðenda en nemur þingsætum í kjördæminu, hvorki fleiri né færri.

■ **32. gr.** Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að

setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Tilgreina skal nafn meðmælenda, kennitölu hans og heimili. Fjöldi meðmælenda skal vera margfeldi af þingsætutölu kjördæmisins og talnanna 30 að lágmarki og 40 að hámarki.

□ Með stjórnmalasamtökum er í lögum þessum átt við samtök sem bjóða eða boðið hafa fram við alþingiskosningar. Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda hans um það fyrir hvaða stjórnmalasamtök listinn er boðinn fram. Allir listar, sem bornir eru fram fyrir sömu stjórnmalasamtök, eiga saman þegar jöfnunarsætum er úthlutað skv. 108. gr. Ef fyrrgreinda yfirlýsingu vantar telst listi vera sérstakt framboð.

□ Ef sá sem ákveður framboðslista eða staðfestir hann endanlega samkvæmt reglum stjórnmalasamtaka ber fram mót-mæli gegn því að listi sé í framboði fyrir þau samtök skal úrskurða að slíkur framboðslisti teljist ekki vera í framboði fyrir þau.

■ **33. gr.** Við sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram á fleiri framboðslistum en einum.

□ Sami kjósandi má ekki mæla með fleiri en einum lista við sömu alþingiskosningar.

■ **34. gr.** Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin sem eru fram yfir tilskilda tölu.

□ Nú berst yfirkjörstjórn listi er nafn manns stendur á án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefur skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórn nema það nafn burt af listanum eða listunum.

□ Nú berast yfirkjörstjórn meðmælendalistar þar sem sami kjósandi mælir með fleiri en einu framboði, og verður kjó-andinn þá ekki talinn meðmælendi neins þeirra.

■ **35. gr.** Frambjóðandi getur afturkallað samþykki sitt til framboðs fram til þess að frestur til að skila framboðum rennur út.

□ Kjósandi, sem mælt hefur með framboðslista, getur ekki afturkallað stuðningsyfirlýsingu sína eftir að framboð hefur verið afhent yfirkjörstjórn.

■ **36. gr.** Ekki er nauðsynlegt að kjörgengi frambjóðenda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra sem kosnir eru jafnframt því sem það úrskurðar um hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.

■ **37. gr.** Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá innan viku, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess, setja annan mann í stað hins látna á listann, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið.

VIII. kafli. Listabókstafir stjórnmalasamtaka.

■ **38. gr.** [Ráðuneytið]¹⁾ skal halda skrá um listabókstafi stjórnmalasamtaka sem buðu fram lista við síðustu almennar alþingiskosningar. Skal skráin birt með auglýsingu eigi síðar en átta vikum fyrir hverjar almennar alþingiskosningar. Nú eru fyrirskipaðar kosningar með svo stuttum fyrirvara að þetta verður ekki gert, og skal þá birta auglýsingu þessa innan þriggja sólarhringa eftir að kosningar eru fyrirskipaðar.

□ Hyggist stjórnmalasamtök sem hafa ekki skráðan listabókstaf bjóða fram lista við alþingiskosningar skal það tilkynnt [ráðuneytinu]¹⁾ eigi síðar en þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur rennur út. Tilkynningin skal undirrituð af

a.m.k. 300 kjósendum. Hún skal dagsett og skal greina nafn kjósanda, kennitölu hans og heimili. Heiti nýrra stjórnmalasamtaka má ekki vera þannig að ætla megi að villst verði á því og heiti samtaka sem eru á skrá skv. 1. mgr. [Ráðuneytið]¹⁾ skal þegar tilkynna stjórnmalasamtökum, sem eru á skrá, um ný stjórnmalasamtök sem tilkynnt eru og um ósk þeirra um listabókstaf. Ákveður ráðuneytið bókstaf nýrra samtaka að fengnum óskum þeirra og með hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmalasamtaka í undangengnum kosningum. Nú óska samtök, sem skráð eru, að breyta heiti sínu og skulu þau þá tilkynna það [ráðuneytinu]¹⁾ innan sama frests.

□ Breytingar á auglýsingu ráðuneytisins og viðauka við hana skal þegar birta með auglýsingu og tilkynna landskjörstjórn og yfirkjörstjórn.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

IX. kafli. Umboðsmenn.

■ **39. gr.** Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamlu umboðsmanni eru frambjóðendur í aðalsætum hver um sig réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra sem þeir eru fyrir við skoðun og úrskurð listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana er yfirkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á einstökum kjörstöðum og við talningu atkvæða. Skyld er umboðsmönnum að hlíta þeim fundarreglum sem kjörstjórn setur.

■ **40. gr.** Sérhver stjórnmalasamtök, sem boðið hafa fram, eiga rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda er landskjörstjórn úrskurðar skv. 44. gr. hverjum samtökum skuli telja þá framboðslista sem fram hafa komið, svo og við öll störf landskjörstjórnar að úthlutun þingsæta.

□ Nú rís ágreiningur um hvort framboðslisti telst til þeirra stjórnmalasamtaka sem meðmælendur hans óska og skal þá landskjörstjórn gefa meðmælendum kost á að tilnefna sérstaka umboðsmenn til að gæta hagsmuna sinna þegar úr þeim ágreiningi er skorið.

X. kafli. Úrskurður um framboð og auglýsing.

■ **41. gr.** Þegar frestur sá er liðinn sem ákveðinn er um framboð heldur yfirkjörstjórn fund næsta dag og skal umboðsmönnum framboðslista veittur kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá og má veita frest í því skyni eftir því sem tími og atvik leyfa. Ef gallar sem yfirkjörstjórn hefur bent á eru ekki leiðrétir innan tilsetts frests kveður hún upp úrskurð um hvort listi skuli fyrir það teljast ógildur. Verði ágreiningur innan yfirkjörstjórnar um úrskurð ræður afl atkvæða úrslitum.

■ **42. gr.** Nú er framboðslisti úrskurðaður ógildur og skal eftirrit af úrskurði þá þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum ásamt eftirriti af lista þeim sem rækur er ger.

□ Úrskurði yfirkjörstjórnar má umboðsmaður skjóta til landskjörstjórnar innan sólarhrings frá því að hann var kveðinn upp.

■ **43. gr.** Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista merkir hún lista stjórnmalasamtaka með hliðsjón af auglýsingu [ráðuneytisins]¹⁾ um listabókstafi þeirra, sbr. 38. gr.

□ Nú hafa stjórnmalasamtök fleiri lista en einn í sama kjördæmi og skal þá merkja þá A, AA . . . , B, BB . . . o.s.frv. eftir því sem við á.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

■ **44. gr.** Jafnskjótt og yfirkjörstjórn hefur lokið merkingu framboðslista skal hún senda þá til landskjörstjórnar ásamt öllum gögnum sem þeim fylgdu, sbr. 32. gr. Landskjörstjórn tekur þá þegar til meðferðar og úrskurðar, ef þörf krefur, hverjum stjórnmalasamtökum skuli telja þá framboðslista sem í kjöri verða við kosningarnar. Þá skal landskjörstjórn og gæta þess að listar sem saman eiga, sbr. 32. gr., séu merktir sama bókstaf í öllum kjördæmum. Umboðsmönnum stjórnmalasamtaka skal gefinn kostur á að vera viðstaddir þegar landskjörstjórn kemur saman í þessu skyni, sbr. 40. gr.

□ Þegar landskjörstjórn hafa borist gögn frá öllum yfirkjörstjórnunum og hún hefur afgreitt listana á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórnmalasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttu röð, stöðu þeirra eða starfsheiti og heimili. Jafnframt skal landskjörstjórn birta í Ríkisútlitunum (hljóðvarpi og sjónvarpi) auglýsingu og skal þar tilgreina bókstaf hvers lista og fyrir hvaða stjórnmalasamtök hann er borinn fram. Auglýsingar þessar skal birta eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag.

□ Landskjörstjórn endursendir síðan yfirkjörstjórnunum listana ásamt greinargerð um afgreiðslu sína. Jafnframt sendir landskjörstjórn [ráðuneytinu]¹⁾ listana eins og þeir eru birtir.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

■ **45. gr.** Ef frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt heimild og að fullnægðum skilyrðum 37. gr. skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það landskjörstjórn og [ráðuneytinu].¹⁾ Landskjörstjórn skal birta listann þannig breyttan í Lögbirtingablaði og blöðum, sbr. 2. mgr. 44. gr. Jafnframt skal landskjörstjórn birta í Ríkisútlitunum (hljóðvarpi) auglýsingu um breytinguna.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

XI. kafli. Kjörgögn.

■ **46. gr.** [Ráðuneytið]¹⁾ lætur í té kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Það lætur einnig í té leiðbeiningar um tilhögun atkvæðagreiðslunnar. Kjörgögn þessi skulu jafnan vera fyrir hendi hjá þeim er annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Sýslumenn annast afgreiðslu kjörgagna til hreppstjóra og til skipstjóra á skipum í siglingum erlendis eða á fjarlægum miðum, sbr. 60. gr., og [það ráðuneyti er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis]²⁾ annast afgreiðslu kjörgagna til kjörstjóra erlendis.

□ Kjörstjórar skulu varðveita kjörgögnin á öruggum stað.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr. ²⁾ L. 126/2011, 298. gr.

■ **47. gr.** Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eru: kjörseðill, kjörseðilsúmslag, fylgibréf og sendiumslag, svo og stimplar með listabókstöfum.

□ Á kjörseðli og kjörseðilsúmslagi skal prentað að um sé að ræða kjörseðil og kjörseðilsúmslag. Fylgibréf og sendiumslag skulu þannig gerð að á þau megi auðveldlega rita þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í lögnum.

□ [Ráðuneytið]¹⁾ kveður nánar á um gerð kjörgagna þessara.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

■ **48. gr.** Skipstjórar, sem eru kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, skulu gæta þess að til séu í skipinu

fyrir hverjar alþingiskosningar nægar birgðir kjörgagna til utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

□ Enn fremur er skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru almennar alþingiskosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna.

■ **49. gr.** Skipstjóri, sem veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum, skal undirrita og afhenda hlutaðeigandi sýslumanni drengskaparyfirlýsingu um að kosning í skipi hans muni fara fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

□ Sérstakur kjörstjóri skv. 2. mgr. 59. gr., sem veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum, skal og undirrita og afhenda [því ráðuneyti er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis]¹⁾ eða hlutaðeigandi sendierindreka sams konar yfirlýsingu.

¹⁾ L. 126/2011, 298. gr.

■ **50. gr.** [Ráðuneytið]²⁾ lætur gera kjörseðla sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi þegar tilkynning hefur borist frá landskjörstjórn skv. 3. mgr. 44. gr.

□ Kjörseðlar skulu vera úr haldgöðum pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum, a.m.k. 125 g/m² að þyngd. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar alþingiskosningar.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

■ **51. gr.** Við almennar kosningar, svo og uppkosningar í sambandi við þær, fellur kosning ekki niður þó að einungis einn listi sé í kjöri.

■ **52. gr.** Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi, skal fullgera þannig: Prenta skal framboðslistana hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum þeirra, og skal ætla hverjum lista um 6 sm breidd en lengd skal miðuð við fulla löglega tölu frambjóðenda. [Ef framboðslistar í kjöri eru fleiri en sautján skulu listarnir prentaðir í láréttum röðum. Þess skal gætt að í röðunum sé sem jafnastur fjöldi lista.]¹⁾ [Fyrir framan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skal vera ferningur. Niður undan bókstafnum skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttu röð ásamt stöðu eða starfsheiti og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar.]²⁾ Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum og skal að minnsta kosti 1/2 sm breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

□ Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórnmalasamtök hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru lettri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** . . . (nafn stjórnmalasamtakanna).

¹⁾ L. 8/2013, 2. gr. ²⁾ L. 15/2003, 7. gr.

■ **53. gr.** Kjörseðlana skal brjóta saman þannig að óprentaða hliðin snúi út.

□ Ekki skal fullgera fleiri seðla en þá sem sendir verða undirkjörstjórnunum og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana áður en hún sendir þá frá sér.

■ **54. gr.** Kjörseðlar skulu að jafnaði fullgerðir eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag og skal [ráðuneytið]¹⁾ þegar senda þá yfirkjörstjórn.

□ Yfirkjörstjórn skal síðan senda á öruggan hátt undirkjörstjórn hverri jafnmarga seðla og kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir. Þar sem kosnar eru sérstakar kjörstjórnir skv. 2. mgr. 15. gr. er heimilt að afhenda þeim kjörseðla öflokkaða fyrir kjördeildir og annast þær þá afhendingu kjörseðlanna til undirkjörstjórnar.

□ Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum er yfirkjörstjórn innsiglar með embættisinnisgli sínu svo vandlega að

eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

□ Seðlum, sem eigi eru afgreiddir til undirkjörstjórna, gerir yfirkjörstjórn grein fyrir þegar atkvæði eru talin.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

■ **55. gr.** Jafnframt og yfirkjörstjórn sendir undirkjörstjórn um kjörseðla skal hún láta hverri sendingu fylgja blindraspjöld, sbr. 2. mgr. 81. gr., svo og tilkynningu um framboðslista, kosningaleiðbeiningar og sérprentun laga þessara, sbr. 77. gr.

□ Sendingu þessari skulu og fylgja sterk umslög með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar [eða eftir atvikum umdæmiskjörstjórnar].¹⁾ Hverri undirkjörstjórn skulu fengin sex umslög og skal á neðra framhorn vera prentað á tvö þeirra **Önýtir seðlar**, á tvö **Ágreiningsseðlar** og á tvö **Afgangsseðlar**.

□ Umslög þessi skulu vera svo stór að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt umslag með áprentaðri utanáskrift sinni [eða eftir atvikum umdæmiskjörstjórnar]¹⁾ og á efra framhorni nafn kjördeildarinnar og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, ef hún hefur hana ekki fyrir, eða viðeigandi eyðublöð, sbr. 1. mgr. 19. gr.

□ [Yfirkjörstjórn skal einnig senda umdæmiskjörstjórn viðeigandi umslög, sbr. 2. og 3. mgr., eftir því sem við á.]¹⁾

¹⁾ L. 15/2003, 8. gr.

XII. kafli. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

■ **56. gr.** Kjósandi, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi, hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar eftir þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

■ **57. gr.** Kosningu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að kjördagur hefur verið auglýstur, þó eigi fyrir en átta vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags á kjósandi rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Atkvæðið telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

■ **58. gr.** Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar skal fara fram hjá:

a. sýslumönnum, í aðalskrifstofu sýslumanns eða útibúi; sýslumaður getur ákveðið að atkvæðagreiðsla á aðsetri embættis fari fram á sérstökum kjörstað utan aðalskrifstofu, svo og að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum í umdæmi hans; sýslumaður ákveður hverjir starfsmenn hans skulu vera kjörstjórar og ræður aðra trúnaðarmenn til þeirra starfa,

b. hreppstjórum, í skrifstofu eða á heimili hreppstjóra.

□ Kjósanda, sem er til meðferðar á sjúkrahúsi eða vistmaður þar, [eða er heimilismaður á dvalarheimili aldraðra eða]¹⁾ stofnun fyrir fatlaða, er heimilt að greiða atkvæði á stofnuninni. Með sama hætti fer um fangelsi og vistmenn þar.

□ Kjósanda, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, er heimilt að greiða atkvæði í heimahúsi nema hann eigi kost á að greiða atkvæði á stofnun skv. 2. mgr. Ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi skal vera skrifleg og studd vottorði lögráða manns um hagi kjósandans og hafa borist hlutaðeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl. 16 fjórum dögum fyrir kjördag. Kjörstjóri getur í sinn stað tilnefnt tvo trúnaðarmenn til að sjá um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hjá kjósanda.

□ Kjörstjóri auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar

ad birta opinberar auglýsingar. Skal haga framkvæmd og afgreiðslutíma þannig að kosning geti gengið sem greiðast fyrir sig. Atkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, á sjúkrahúsi sem næst kjördegi, að höfðu samráði við stjórn stofnunar.

□ [Ráðuneytið]²⁾ setur nánari reglur³⁾ um framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. 2. og 3. mgr. Slík atkvæðagreiðsla má þó ekki fara fram fyrir en þremur vikum fyrir kjördag. Tilkynna skal umboðsmönnum lista, sbr. 39. gr., um hvenær atkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. fer fram.

¹⁾ L. 28/2012, 9. gr. ²⁾ L. 162/2010, 162. gr. ³⁾ Leiðbeiningar 175/2013.

■ **59. gr.** [Erlendis skal atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fara fram í skrifstofu sendiráðs eða fastanefndar hjá alþjóðastofnun, í sendiráðisskrifstofu eða í skrifstofu kjöræðismanns samkvæmt nánari ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis. Sama ráðuneyti getur og ákveðið að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum erlendis.]

□ Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu erlendis eru forstöðumenn sendiráða og fastanefnda, sendiráðismenn, aðrir sendierindrekar eftir ákvörðun viðkomandi forstöðumanns, svo og aðrir starfsmenn sendiráða, fastanefnda og sendiráðisskrifstofa eftir ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis, sbr. 1. mgr., kjöræðismenn samkvæmt nánari ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis, sbr. 1. mgr., svo og sérstakir kjörstjórar tilnefndir af hlutaðeigandi ráðuneyti, sbr. 1. mgr.

□ Hlutaðeigandi ráðuneyti, sbr. 1. mgr., auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram erlendis.]¹⁾

¹⁾ L. 126/2011, 298. gr.

■ **60. gr.** Kjósandi, sem er í áhöfn eða farþegi um borð í íslensku skipi í siglingum erlendis eða á fjarlægum miðum, má kjósa um borð í skipinu.

□ Skipstjóri eða sá sem hann tilnefnir skal vera kjörstjóri.

■ **61. gr.** Ef kjörstjóri er í framboði skal hann víkja sæti og annar þar til bær gegna störfum hans.

□ Ekki má atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fara fram á heimili framþjóðanda.

■ **62. gr.** Kosning utan kjörfundar er því aðeins gild að notuð sé hin fyrirskipuðu kjörgögn.

□ Kosningin fer svo fram að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista sem hann vill kjósa og má hann geta þess hvernig hann vill hafa röðina á listanum.

■ **63. gr.** Kjósandi, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, skal gera kjörstjóra grein fyrir sér, svo sem með því að framvísa kennivottorði eða nafnskríteini, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjóra. Kjörstjóri skal halda sérstaka skrá yfir þá sem greiða atkvæði hjá honum, sbr. 1. mgr. 66. gr.

□ Að þessu loknu fær kjósandi afhent kjörgögn. Skal hann síðan aðstoðarlaust og án þess að nokkur annar sjái rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er segir í 2. mgr. 62. gr. og setja atkvæðið í kjörseðilsumslagið. Því næst áritar og undirritar kjósandi fylgibréfið í viðurvist kjörstjóra sem vottar atkvæðagreiðsluna.

□ Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá að hann sé eigi fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt eða árita og undirrita fylgibréfið sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal kjörstjóri veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er hann bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal geta á skrá skv. 1. mgr. og á fylgibréfinu, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð við að árita kjörseðil skal því aðeins veitt að kjósandi geti

sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

□ [Ef svo háttar um hagi kjósenda er greinir í 3. mgr. og hann óskar eftir að fulltrúi, sem hann hefur valið sjálfur, aðstoði hann við að greiða atkvæði skal kjörstjóri gera hlé á atkvæðagreiðslunni þar til aðrir kjósendur, sem kunna að vera viðstaddir, hafa lokið við að greiða atkvæði. Fulltrúi kjósendans skal víkja frá. Kjörstjóri skal strax taka beiðni kjósenda til úrskurðar. Kjörstjóri skal heimila fulltrúanum að aðstoða kjósendann við atkvæðagreiðsluna geti kjósendi sjálfur með skýrum hætti tjáð kjörstjóra vilja sinn óþvingað um að hann óski aðstoðar fulltrúa sem hann hefur valið sjálfur. Geti kjósendi ekki sjálfur með skýrum hætti tjáð kjörstjóra þennan vilja sinn skal kjörstjóri heimila fulltrúanum að aðstoða kjósendann við atkvæðagreiðsluna leggi kjósendinn fram vottorð réttindagæslumanns, sem starfar samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, þar sem staðfest er að kjósendi hafi valið sjálfur tiltekinn nafngreindan fulltrúa sér til aðstoðar við atkvæðagreiðsluna. Uppfylli kjósendi ekki framangreind skilyrði verður ekki af atkvæðagreiðslu með þessum hætti. Kjörstjóri skal geta um ákvörðun sína á skrá skv. 1. mgr. og tilgreina ástæður fyrir henni. Ákvörðun kjörstjóra er endanleg. Heimili kjörstjóri fulltrúa kjósenda að aðstoða kjósendann við atkvæðagreiðsluna skal atkvæðagreiðslu haldið áfram og aðstoðarinnar getið á fylgibréfinu. Fulltrúi kjósenda er bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem honum og kjósenda fer á milli við atkvæðagreiðsluna. Í því skyni staðfestir hann heit sitt áður en atkvæði er greitt með undirritun á sérstakt eyðublað. Við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar er fulltrúa kjósendans óheimilt að gerast fulltrúi annars kjósenda við sömu kosningu.

□ Við atkvæðagreiðslu skv. 4. mgr. eiga ákvæði 62.–67. gr. við um fulltrúa kjósendans.¹⁾

□ Að lokum skal kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu lagt í sendiumslagið og því lokað vandlega. Umslagið skal síðan áritað til hreppstjórans, sýslumannsins eða kjörstjórnarinnar í því umdæmi þar sem kjósendinn telur sig standa á kjörskrá. Á sendiumslagið skal og rita nafn kjósenda, kennitölu og lögheimili.

¹⁾ L. 111/2012, 1. gr.

■ **64. gr.** Nú ónýttist kjörseðill hjá kjósenda og má hann fá annan kjörseðil í stað hins.

■ **65. gr.** Kjósendi, sem greiðir atkvæði hjá kjörstjóra í umdæmi þar sem hann er á kjörskrá og skilur þar eftir bréf með atkvæði sínu, skal sjálfur láta bréfið í venjulegan atkvæðakassa. Atkvæðakassinn skal innsiglaður af kjörstjóra ásamt hlutaðeigandi kjörstjórn og er umboðsmönnum lista heimilt að setja á hann innsigli sín.

□ Aðrir kjósendur skulu sjálfir annast og kosta sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósendi óskar þess, að koma bréfinu í póst.

□ Nægjanlegt er að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis þar sem kjósendinn er á kjörskrá.

■ **66. gr.** Kjörstjóri skal færa á sérstaka skrá nöfn þeirra kjósenda sem greiða atkvæði hjá honum, sbr. 63. gr., lögheimili kjósenda og kennitölu og hvern dag kosningarathöfnin fór fram.

□ Atkvæðisbréf, sem kjósendi skilur eftir hjá kjörstjóra, sbr. 1. mgr. 65. gr., skal kjörstjóri tölusetja og skrá í áframhaldandi töluröð. Atkvæðisbréf, sem kjörstjóri veitir móttöku,

skal hann skrá og tölusetja með sama hætti og skal þess getið frá hvaða kjósenda það sé og hvenær og af hverjum það hafi verið afhent. Skulu bréf þessi varðveitt í atkvæðakassanum.

□ Atkvæðakassa ásamt skrá sendir kjörstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega að kassinn sé kominn henni í hendur áður en kjörfundur er settur.

□ Umboðsmenn lista skulu hafa aðgang að skrá þeim sem getur í 1. og 2. mgr.

■ **67. gr.** Kjósendi getur jafnan krafist þess af hverjum þeim er varðveitt bréf með atkvæði hans, sé það ekki varðveitt í innsigliðum atkvæðakassa, að hann afhendi sér það, allt þar til atkvæðið hefur verið tekið gilt af undirkjörfjórn.

XIII. kafli. Kjörstaðir.

■ **68. gr.** Kjörstað fyrir hverja kjördeild ákveður sveitarstjórn. Á sama kjörstað mega vera fleiri en ein kjördeild.

□ Kjörstað skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara.

■ **69. gr.** Í hverri kjördeild skal vera hæfilegur fjöldi kjörklefa. Kjörklefi skal þannig búinn að þar megi greiða atkvæði án þess að aðrir geti séð hvernig kjósendi kys. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð sem skrifa má við.

□ Í kjörfundarstofu skal enn fremur vera hæfilega stór atkvæðakassi sem sveitarstjórn leggur til. Atkvæðakassinn skal þannig búinn að ekki sé unnt að ná kjörseðli úr honum án þess að opna hann og þannig að unnt sé að læsa honum. [Ráðherra]¹⁾ getur sett nánari reglur um stærð og gerð atkvæðakassa.

□ Yfirkjörstjórn skal gæta þess að jafnan séu til nægir atkvæðakassar til afnota í kjördæminu.

¹⁾ L. 126/2011, 298. gr.

XIV. kafli. Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

■ **70. gr.** Kjörfund skal setja á kjörstað kl. 9 árdegis, en kjörstjórn getur þó ákveðið að kjörfundur skuli hefjast síðar, þó eigi síðar en kl. 12 á hádegi. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd er kjörfundur er settur. Sé hún ekki öll viðstödd taka varamenn sæti, en séu þeir eigi heldur viðstaddir kveður sá eða þeir sem við eru úr kjörstjórninni valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni og halda þeir sæti sínu uns hinir koma.

□ Upphaf kjörfundar skal auglýsa með hæfilegum fyrirvara og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

■ **71. gr.** Meðan á kosningarathöfninni stendur skal kjörstjórnin sitja við borð í kjörfundarstofunni. Aldrei má nema einn úr kjörstjórn ganga út í senn og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan nema varamaður sé tiltækur.

■ **72. gr.** Kosningarathöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnar leggur fram seðlaböggul þann sem hann hefur fengið frá yfirkjörstjórn og skal þess gætt hvort innsiglin eru heil eða böggullinn ber þess merki að hann hafi verið opnaður. Skal þess getið í kjörbókinni og riti kjörstjórn og umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og skal þess gætt hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá sem tilgreind er í bréfi yfirkjörstjórnar. Þess skal getið í kjörbókinni og riti kjörstjórn og umboðsmenn þar undir.

■ **73. gr.** Nú hefur kjörstjórn borist atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar og skal þá athuga hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð. Oddviti opnar síðan kassann og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrár þær sem fylgja, sbr. 66. gr. Skal kjörstjórnin síðan opna sendiumslagið og kanna hvort taka skuli utankjörfundarat-

kvæðið til greina, sbr. 91. gr. Ef taka skal atkvæðið til greina skal setja sérstakt merki til bráðabirgða við nafn kjósendans í kjörskránni, en kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfinu skal lagt á ný í sendiumslagið og það lagt til hliðar og varðveitt meðan atkvæðagreiðslan fer fram. Ef ekki skal taka utankjörfundaratkvæðið til greina skal ganga frá kjörseðilsumslaginu og fylgibréfinu og varðveita á sama hátt, en rita skal ástæðu þess að atkvæðið verður ekki tekið til greina á sendiumslagið.

□ Atkvæðisbréf, sem kjörstjórn kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslu stendur, skal tölusetja í áframhaldandi röð og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni. Skal fara með þau atkvæði svo sem greinir í 1. mgr.

□ Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni (sveitarfélaginu) skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma atkvæðisbréfinu í rétta kjördeild en ella skal bréfið varðveitt þar til atkvæðagreiðslu lýkur.

□ Í sveitarfélagi, þar sem kosin er sérstök yfirkjörstjórn, er kjörstjórninni heimilt að hefja flokkun atkvæða skv. 1. mgr. daginn fyrir kjördag þannig að atkvæðisbréf verði afhent í rétta kjördeild á kjördag.

■ **74. gr.** Kjörstjórn athugar hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni í því skyni að greiða atkvæði í annari kjördeild, sbr. 80. gr., og gerir athugasemd um það við nöfn hlutaðeigandi á kjörskránni.

■ **75. gr.** Oddviti kjörstjórnar og annar meðkjörstjórnanna skulu hafa fyrir sér hvor sitt eintak kjörskrárinnar. Skulu þeir gera merki við nafn hvers kjósenda um leið og hann hefur neytt kosningarréttar síns.

■ **76. gr.** Áður en atkvæðagreiðsla hefst skal kjörstjórnin og umboðsmenn gæta þess að atkvæðakassinn sé tómur og síðan læsa honum.

■ **77. gr.** Í kjörfundarstofu, svo og annars staðar á kjörstað, skal á áberandi stað festa upp tilkynningu um framboðslista í kjördæminu þar sem fram koma heiti stjórnmalasamtaka, listabókstafir og nöfn frambjóðenda í sömu röð og á kjörseðli. Á sama hátt skal festa þar upp kosningaleiðbeiningar er [ráðuneytið]¹⁾ lætur í té.

□ Í hverri kjördeild skal vera eintak af lögum þessum, sem [ráðuneytið]¹⁾ lætur gefa út, ásamt stjórnarskránni í handhægrí útgáfu með skýringum og leiðbeiningum ef þurfa þykir.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

■ **78. gr.** Kjósendur skulu greiða atkvæði í þeirri röð sem þeir gefa sig fram.

□ Kjörstjórn getur ákveðið að í kjörfundarstofu séu ekki, auk þeirra sem starfa við framkvæmd kosninganna, aðrir en kjósendur sem ætla að greiða atkvæði. Kjörstjórnin getur auk þess takmarkað fjölda kjósenda í kjörfundarstofu ef þörf þykir til að halda uppi reglu.

□ Kjörstjórn skal að öðru leyti sjá til þess að á kjörstað og í næsta nágrenni hans fari hvorki fram óleyfilegur kosningaráróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga.

■ **79. gr.** Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér, svo sem með því að segja til sín og framvísa kennivottorði eða nafnskírteini, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir kjörstjórn honum einn kjörseðil.

■ **80. gr.** Engum, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórn

meina að greiða atkvæði nema hann hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annars staðar.

□ [Engum, sem ekki er á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði nema annað tveggja komi til:

1. Hann framvísi vottorði, undirrituðu af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra sveitarfélags, um að hann afsali sér kosningarrétti þar sem hann er á kjörskrá enda hafi kjörstjórn þess kjörstaðar þar sem kjósandi hyggst neyta atkvæðisréttar borist tilkynning um hvaða kjósendum sveitarstjórn hefur gefið vottorð.

2. Hann undirriti beiðni á sérstakt eyðublað um að afsala sér kosningarrétti í þeirri kjördeild þar sem nafn hans er á kjörskrá og að kjörstjórn á þeim kjörstað þar sem kjósandi óskar að neyta atkvæðisréttar staðfesti slíkt afsal með undirritun oddvita eða tveggja kjörstjórnarmanna.]¹⁾

□ [Kjörstjórn er óheimilt að staðfesta vottorð eða beiðni um afsal kosningarréttar nema sannað verði, með þeim hætti sem kjörstjórn metur gilt, að nafn kjósenda standi á kjörskrá í annarri kjördeild í sama kjördæmi og hann hafi ekki neytt kosningarréttar þar. Skráð skal athugasemd á kjörskrá, þar sem nafn kjósenda er, um hvar hann neyti kosningarréttar og þess getið í kjörbók. Afsalið skal færa í kjörbók undirkjörstjórnar þar sem kjósendinn neytir kosningarréttar og vottorðið skal fylgja í frumriti til yfirkjörstjórnar með kjörbók þeirrar kjördeildar þar sem það er lagt fram og notað.]¹⁾

¹⁾ L. 15/2003, 9. gr.

■ **81. gr.** Þá er kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum fer kjósendi með hann inn í kjörklefann, þar sem kjósendinn má einn vera, og að borði því er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en tvö venjuleg dökk ritblý er kjörstjórn lætur í té og sér um að jafnan séu nægilega vel ydd.

□ Þar skal einnig vera spjald jafnstórt kjörseðli með upphleyptum listabókstöfum og blindraletri, með glugga framan við hvern staf og vasa á bakhlíð þannig að blindir geti gegnum gluggann sett kross framan við þann lista er þeir gefa atkvæði sitt og á þann hátt kosið í einrúmi og án aðstoðar.

■ **82. gr.** [Kjósendi greiðir atkvæði á þann hátt að hann markar með ritblýi kross í ferning fyrir framan bókstaf þess lista á kjörseðlinum sem hann vill kjósa.]¹⁾

□ Vilji kjósendi breyta nafnaröð á lista þeim er hann kys setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa það þriðja o.s.frv., að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

□ Ef kjósendi vill hafna frambjóðanda á þeim lista sem hann kys stríkar hann yfir nafn hans.

¹⁾ L. 15/2003, 10. gr.

■ **83. gr.** Kjósendi má ekki haggja neitt við listum sem hann kys ekki, hvorki stríka yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

■ **84. gr.** Kjósendi gætir þess, hvernig sem hann kys, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það sem segir í lögum þessum.

■ **85. gr.** Þegar kjósendi hefur gengið frá kjörseðlinum samkvæmt framansögðu brýtur hann seðilinn í sama brot og hann var í þegar hann tók við honum, gengur út úr klefanum og að atkvæðakassanum og leggur seðilinn í kassann í viðurvist fulltrúa kjörstjórnar. Kjósendi skal gæta þess að enginn geti séð hvernig hann greiddi atkvæði.

■ **86. gr.** Ef kjósendi skýrir kjörstjórn svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal sá úr kjörstjórninni er

kjósandi nefnir til veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

□ [Ef svo háttar um hagi kjósanda er greinir í 1. mgr. og hann óskar eftir að fulltrúi, sem hann hefur valið sjálfur, aðstoði hann við að greiða atkvæði í kjörklefanum skal hlé gert á kjörfundi þar til aðrir kjósendur, sem kunna að vera í kjörfundarstofu, hafa lokið við að greiða atkvæði. Fulltrúi kjósandans skal víkja úr kjörfundarstofunni. Kjörstjórn eða hverfiskjörstjórn þar sem kjördeildir eru fleiri en ein skal strax taka beiðni kjósanda til úrskurðar. Hverfiskjörstjórn er heimilt að úrskurða um ósk kjósandans með honum utan kjörfundarstofu svo kjörfundur geti haldið áfram með öðrum kjósendum. Kjörstjórn skal heimila fulltrúanum að aðstoða kjósandann við atkvæðagreiðsluna geti kjósandi sjálfur með skýrum hætti tjáð kjörstjórn vilja sinn óþvingað um að hann óski aðstoðar fulltrúa sem hann hefur valið sjálfur. Geti kjósandi ekki sjálfur með skýrum hætti tjáð kjörstjórn þennan vilja sinn skal kjörstjórn heimila fulltrúanum að aðstoða kjósandann við atkvæðagreiðsluna leggi kjósandinn fram vottorð réttindagæslumanns, sem starfar samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, þar sem staðfest er að kjósandi hafi valið sjálfur tiltekinn nafngreindan fulltrúa sér til aðstoðar við atkvæðagreiðsluna. Uppfylli kjósandi ekki framangreind skilyrði verður ekki af atkvæðagreiðslu með þessum hætti. Ákvörðun kjörstjórnar skal bókuð í kjörbókina með tilgreindum ástæðum. Ákvörðun kjörstjórnar er endanleg. Heimili kjörstjórn fulltrúa að aðstoða kjósandann í kjörklefanum skal kjörfundi haldið áfram. Fulltrúi kjósanda er bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem honum og kjósanda frá milli í kjörklefanum. Í því skyni staðfestir hann heit sitt áður en atkvæði er greitt með undirritun á sérstakt eyðublað. Við atkvæðagreiðslu á kjörfundi er fulltrúa kjósandans óheimilt að gerast fulltrúi annars kjósanda við sömu kosningu.

□ Við atkvæðagreiðsluna eiga ákvæði 79. gr., 81.–85. gr. og 87. gr. við um fulltrúa kjósandans.¹⁾

¹⁾ L. 111/2012, 2. gr.

■ **87. gr.** Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er er seðillinn ónýtur og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrri seðil.

□ Þá er kjósandi hefur látið seðilinn í atkvæðakassann vikur hann út úr kjörfundarstofunni.

■ **88. gr.** Kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar, getur greitt atkvæði á kjörfundi og kemur utankjörfundarseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

■ **89. gr.** Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrir en átta klukkustundir eru liðnar frá því að kjörfundur hófst og ekki fyrir en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta er allir sem á kjörskrá standa hafa greitt atkvæði og eftir fimm klukkustundir ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

□ Kjörfundi skal þó slíta eigi síðar en kl. 22 á kjördag. Þeir

kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

■ **90. gr.** Að atkvæðagreiðslu lokinni kannar kjörstjórnin á ný, í viðurvist umboðsmanna lista, þau utankjörfundaratkvæði sem kjörstjórninni hafa borist og ekki hafa verið aftur heimt.

□ Ef sá sem atkvæðið er frá stendur á kjörskrá og á rétt á að greiða atkvæði og hefur ekki greitt atkvæði á kjörfundi skal kjörstjórnin setja merki við nafn kjósandans á kjörskránni.

□ Ef atkvæðisbréf verður ekki tekið til greina, sbr. 91. gr., skal það áritað eins og segir í 1. mgr. 73. gr.

□ Ef kjósandi, sem sent hefur frá sér utankjörfundaratkvæði, er ekki á kjörskrá í kjördeildinni skal kjörstjórnin geta þess sérstaklega í kjörbókinni og senda slík atkvæðisbréf aðskilin til yfirkjörfjórnar [eða umdæmiskjörfjórnar].¹⁾

¹⁾ L. 15/2003, 11. gr.

■ **91. gr.** Ekki skal taka til greina utankjörfundaratkvæði:

- ef sendandinn er ekki á kjörskrá,
- ef sendandinn er búinn að greiða atkvæði,
- ef sendandinn hefur afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild, sbr. 80. gr.,
- ef sendandinn hefur látist fyrir kjördag,
- ef í sendiumslaginu er meira en eitt fylgibréf og eitt kjörseðilsumslag,

f. ef sjáanlegt er að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn er [ráðuneytið]¹⁾ hefur látið gera,

g. ef ekki hefur verið farið eftir þeim reglum sem settar hafa verið um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eða

h. ef atkvæðið hefur ekki verið greitt á þeim tíma sem greinir í 57. gr. og 5. mgr. 58. gr.

□ Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá sama kjósanda sem geta komið til greina og skal þá aðeins hið síðastgreidda atkvæði koma til greina.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

■ **92. gr.** Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns lista um hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt og skal þá bóka nákvæmlega í kjörbókina í hverju ágreiningurinn er fölginn og leggja kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfi aftur í sendiumslagið og senda það til úrskurðar yfirkjörfjórnar [eða umdæmiskjörfjórnar].¹⁾

¹⁾ L. 15/2003, 12. gr.

■ **93. gr.** Þau kjörseðilsumslög, sem enginn ágreiningur er um að gild séu, lætur kjörstjórn óopnuð í atkvæðakassann.

■ **94. gr.** Umboðsmenn lista eiga rétt á að gæta þess að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina og má hver þeirra átella við kjörstjórnina það er honum þykir áfátt.

□ Nú þykir umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitid bókað þegar í stað í kjörbókina og sker Alþingi úr því síðar hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

□ Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir umboðsmann áhrærandi kosningargerðina á hann rétt á að bóka það sjálfur og riti hann nafn sitt undir.

■ **95. gr.** Þá er atkvæðagreiðslu er slitid og kjörseðilsumslög þau er gild hafa verið tekin hafa verið lätin í atkvæðakassann skal oddviti jafnskjött ganga frá í sérstöku umslagi öllum þeim seðlum sem ónýst hafa, sbr. 87. gr., í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum, sem ágreiningur er um, sbr. 92. gr., og í hinu þriðja öllum þeim seðlum sem afgangur eru ónotaðir. Þegar umslögnum hefur verið lokað

skal ganga frá þeim öllum þremur ásamt lyklinum að atkvæðakassanum í aðalumluginu og loka því. Til þess skal nota umslög þau sem yfirkjörstjórn hefur sent í þessu skyni.

□ Því næst skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefur verið undirrituð af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumlagi og kjörbók eða afriti úr kjörbók sem undirritað er af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef þeir hafa verið viðstaddir, svo og utankjörfundaratkvæðum sem fara eiga í aðra kjördeild, sbr. 4. mgr. 90. gr., í umbúðum innsigliðum af kjörstjórn og er umboðsmönnum heimilt að setja innsigli sín á umbúðirnar. Gögnin skal merkja til yfirkjörstjórnar [eða eftir atvikum til umdæmiskjörstjórnar, sbr. 1. mgr. 97. gr.],¹⁾ og senda henni þegar í stað á öruggan hátt. Skal yfirkjörstjórn [eða umdæmiskjörstjórn]¹⁾ gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

□ Eftir að kjörstjórn hefur þannig gengið frá kjörgögnum mega hin innsigliðu kjörgögn og innsigli kjörstjórnar eigi vera í vörslu sama manns.

¹⁾ L. 15/2003, 13. gr.

■ **96. gr.** [Ef yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis má kjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn atkvæðakassann óinnsiglaðan að viðstöddum umboðsmönnum lista.]¹⁾

□ Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni sendir hún kjörskráreintök þau sem notuð voru við kosninguna í innsigliðum umbúðum til yfirkjörstjórnar [eða eftir atvikum til umdæmiskjörstjórnar].¹⁾

¹⁾ L. 15/2003, 14. gr.

XV. kafli. Kosningaúrslit í kjördæmum.

■ **97. gr.** [Yfirkjörstjórn getur ákveðið að auk talningar hjá henni geti talning farið fram hjá umdæmiskjörstjórn, á öðrum stað í kjördæminu.]¹⁾

□ Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað þá er hún [eða umdæmiskjörstjórn]¹⁾ komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin. Undirkjörstjórnnum er skylt að sjá um að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar [eða umdæmiskjörstjórnar]¹⁾ nema gild forföll banni. Ætíð skal talning fara fram svo fljótt sem verða má að dómi yfirkjörstjórnar [eða umdæmiskjörstjórnar].¹⁾

□ Sé kosningu frestað skv. 114. gr. má talning atkvæða aldrei fara fram fyrr en kosningu er hvarvetna lokið.

¹⁾ L. 15/2003, 15. gr.

■ **98. gr.** Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dýrum svo að kjósendum gefist kostur á að vera við eftir því sem húsrúm leyfir.

□ Nú eru umboðsmenn lista eigi viðstaddir talningu og skal yfirkjörstjórn [eða umdæmiskjörstjórn]¹⁾ þá kveðja valinkunna menn úr sömu stjórnmalasamtökum, ef unnt er, til að gæta réttar af hendi listans.

¹⁾ L. 15/2003, 16. gr.

■ **99. gr.** Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn [eða umdæmiskjörstjórn]¹⁾ atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli séu ósködduð. Yfirkjörstjórn [eða umdæmiskjörstjórn]¹⁾ skal kanna hvort tala kjósenda, sem greitt hafa atkvæði samkvæmt kjörbókum undirkjörstjórnar, sé í samræmi við afhenta atkvæðaseðla og skráðar athuga-

semdir undirkjörstjórnar. Hafi yfirkjörstjórn [eða umdæmiskjörstjórn]¹⁾ borist bréf með utankjörfundaratkvæði skv. 4. mgr. 90. gr. skal fara með það eins og segir í 2. mgr. sömu greinar. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim sem í honum eru óskoðuðum helt í hæfilegt tómt ílát, en gæta skal þess að seðlar úr einstökum kjördeildum blandist vel saman.

□ Kjörseðlar skulu síðan teknir úr ílátinu, að viðstöddum umboðsmönnum lista, flokkaðir eftir listabókstöfum sem við er merkt á hverjum seðli og taldir undir stjórn yfirkjörstjórnar [eða umdæmiskjörstjórnar].¹⁾

□ Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dýrum áður en kjörfundi lýkur.

¹⁾ L. 15/2003, 17. gr.

■ **100. gr.** Atkvæði skal meta ógilt:

a. ef kjörseðill er auður,

b. ef ekki verður séð við hvern lista er merkt eða ef ekki verður séð með vissu hvort það sem stendur á utankjörfundarseðli getur átt við nokkurn af listum sem í kjöri eru,

c. ef merkt er við fleiri listabókstafi en einn eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum eða skrifaðir fleiri en einn listabókstafur á utankjörfundarseðil,

d. ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það sem fyrir er mælt eða annarleg merki sem ætla má að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan,

e. ef í umlagi með utankjörfundarseðli er annað eða meira en einn kjörseðill,

f. ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefur löglega afhent.

■ **101. gr.** Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er hvernig það á að falla nema augljóslega komi í bága við [einn eða fleiri staflíði 100. gr.]¹⁾ Þannig skal taka gilt atkvæði þó að ekki sé merkt [í fering við listabókstafinn en t.d. utan hans],²⁾ þó að kross sé ólögulegur, þó að orðið listi fylgi listabókstaf að óþörfu á utankjörfundarseðli, þó að heiti stjórnmalasamtaka standi í stað listabókstafs o.s.frv.

□ Lista í kjördæmi telst atkvæði þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

¹⁾ L. 16/2009, 5. gr. ²⁾ L. 15/2003, 18. gr.

■ **102. gr.** Utankjörfundaratkvæði, greitt lista fyrir breytingu á honum skv. 37. gr., skal teljast greitt listanum þannig breyttum.

■ **103. gr.** [Nú kemur yfirkjörstjórn, eftir atvikum umdæmiskjörstjórn, og umboðsmönnum lista saman um að einhver kjörseðill sé ógildur og skal hann þá ógildan telja. Verði ágreiningur um gildi kjörseðils skal úrskurða ágreiningssæðla jafnóðum og þeir koma fyrir. Bóka skal í gerðabók hve margir kjörseðlar eru ógildir og ástæður þess.

□ Nú verður ágreiningur innan umdæmiskjörstjórnar eða á milli umdæmiskjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um það hvort kjörseðill er gildur eða ógildur og skal þá umdæmiskjörstjórnin senda hann til yfirkjörstjórnar sem úrskurðar um gildi hans.

□ Nú verður ágreiningur meðal yfirkjörstjórnar um gildi kjörseðils og skal afl atkvæða ráða úrslitum. Verði ágreiningur milli yfirkjörstjórnar og einhvers umboðsmanna um það hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur skal leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla sem kjörstjórnin hefur úrskurðað gilda og í hitt þá seðla sem hún hefur úrskurðað ógilda.

□ Þegar atkvæði hafa verið talin saman undir nákvæmu eftirliti umboðsmanna kynnir umdæmiskjörstjórn niðurstöðu talningar sinnar yfirkjörstjórn sem færir niðurstöðu kosninganna í gerðabókina og kunngerir hana þeim sem viðstaddir eru. Skal þess gætt að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

□ Hafi talning farið fram hjá umdæmiskjörstjórn skal hún, eftir að starfi hennar er lokið, senda alla notaða kjörseðla undir innsigli til yfirkjörstjórnar og skal gildum og ógildum kjörseðlum haldið aðgreindum. Auk þess sendir hún yfirkjörstjórn undir innsigli utankjörfundaratkvæði sem fara eiga í kjördeild sem tilheyrir yfirkjörstjórn, sbr. 4. mgr. 90. gr., allar kjörskrár í innsigliðum umbúðum, kjörbækur undirkjörstjórna sem hún hefur móttekið og einnig gerðabók sína. Yfirkjörstjórn skal fara með þessi gögn á sama hátt og þau sem eru í hennar vörslu.¹⁾

¹⁾ L. 15/2003, 19. gr.

■ **104. gr.** Að talningu lokinni skal loka umslögum með ágreiningsseðlum með innsigli yfirkjörstjórnar og eiga umboðsmenn lista rétt á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir [ráðuneytinu]¹⁾ eftirrit af gerðabók sinni viðvíkjandi kosningunni ásamt ágreiningsseðlum sem [ráðuneytið]¹⁾ leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum sem það tók við þeim.

□ Þá skal yfirkjörstjórn setja alla notaða kjörseðla undir innsigli og skal gildum og ógildum kjörseðlum haldið sér. Kjörseðlana skal geyma þar til Alþingi hefur úrskurðað um gildi kosninganna, sbr. 120. gr., enda sé þeirra eigi þörf vegna kæru sem beint hefur verið til lögreglustjóra. Að því búnu skal eyða kjörseðlum og skrá yfirlýsingu um það í gerðabók yfirkjörstjórnar.

□ Yfirkjörstjórn skal búa um allar kjörskrár í innsigliðum umbúðum og senda [ráðuneytinu]¹⁾ sem geymir þær í eitt ár, en að því búnu skal eyða þeim.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

■ **105. gr.** Í kjördæmi skal telja öll atkvæði sem hver framboðslisti hefur hlotið og er þá fundin atkvæðatala hvers lista. Enn fremur skal yfirkjörstjórn reikna hverjum frambjóðanda atkvæðatölu í samræmi við 110. gr.

□ Yfirkjörstjórn skal tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu um atkvæðatölur. Skal þar tilgreina tölu kjósenda á kjörskrá, hvernig atkvæði hafa fallið á hvern framboðslista fyrir sig og atkvæðatölur hvers frambjóðanda. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

□ [Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar eða eftir atvikum umdæmiskjörstjórnar á þeim tíma sem nefndur er í 97. gr. skal kjörstjórnin eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið.]¹⁾ Yfirkjörstjórn sendir þó ekki skýrslu um atkvæðatölur til landskjörstjórnar skv. 2. mgr. fyrr en talin hafa verið atkvæði úr sendingunni sem vantaði. Tilkynna skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð til þess að þeir eigi kost á að vera þar viðstaddir.

¹⁾ L. 15/2003, 20. gr.

XVI. kafli. Úthlutun þingsæta.

■ **106. gr.** Þegar landskjörstjórn hafa borist allar skýrslur um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar, sbr. 105. gr., skal hún koma saman til að úthluta þing-

sætum, kjördæmissætum og jöfnunarsætum. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman í þessu skyni svo að umboðsmönnum þeirra stjórn- málasamtaka, sem boðið hafa fram, sbr. 39. gr., gefist kostur á að vera þar viðstaddir.

Úthlutun kjördæmissæta.

■ **107. gr.** Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu í kjördæmi af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal í atkvæðatölur listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o.s.frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.

2. Fyrsta kjördæmissæti fær sá listi sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annað kjördæmissæti fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum kjördæmissætum og kjósa á, sbr. 2. mgr. 8. gr.

3. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

Úthlutun jöfnunarsæta.

■ **108. gr.** Þau stjórn málasamtök koma ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa a.m.k. fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

□ Til þess að finna hve mörg jöfnunarsæti koma í hlut stjórn- málasamtaka, sem fullnægja skilyrðum 1. mgr., og hvaða framboðslistar þeirra hafa hlotið jöfnunarsæti skal fyrst telja saman atkvæðatölur þeirra á landinu öllu og kjördæmissæti þeirra skv. 107. gr.

□ Síðan skal fara þannig að fyrir þessi samtök:

1. Deila skal í atkvæðatölur samtakanna með tölu kjördæmissæta þeirra, fyrst að viðbættum 1, síðan 2, þá 3 o.s.frv. Útkomutölurnar nefnast landstölur samtakanna.

2. Taka skal saman skrá um þau tvö sæti hvers framboðs- lista sem næst komust því að fá úthlutun í kjördæmi skv. 107. gr. Við hvert þessara sæta skal skrá hlutfall útkomutölu sæt- isins skv. 1. tölul. 107. gr. af öllum gildum atkvæðum í kjördæminu.

3. Finna skal hæstu landstölu skv. 1. tölul. sem hefur ekki þegar verið felld niður. Hjá þeim stjórn málasamtökum, sem eiga þá landstölu, skal finna hæstu hlutfallstölu lista skv. 2. tölul. og úthluta jöfnunarsæti til hans. Landstalan og hlut- fallstalan skulu síðan báðar felldar niður.

4. Nú eru tvær eða fleiri lands- eða hlutfallstölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 3. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

5. Þegar lokið hefur verið að úthluta jöfnunarsætum í hverju kjördæmi skv. 2. mgr. 8. gr. skulu hlutfallstölur allra lista í því kjördæmi felldar niður.

6. Hafi allar hlutfallstölur stjórn málasamtaka verið numdar brott skal jafnframt fella niður allar landstölur þeirra.

7. Beita skal ákvæðum 3. tölul. svo oft sem þarf þar til lokið er úthlutun allra jöfnunarsæta, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Jöfnunarmenn og varþingmenn.

■ **109. gr.** Frambjóðendur, sem hljóta jöfnunarsæti, teljast þingmenn þess kjördæmis þar sem þeir eru í framboði, í þeirri röð sem sætum er úthlutað eftir 108. gr.

□ Listi í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þing- menn kjörna skv. 107. eða 108. gr., hefur rétt til jafnmargra varþingmanna.

Atkvæðatala frambjóðenda.

■ **110. gr.** Þeir frambjóðendur einir koma til álita sem þing- menn og varþingmenn hvers framboðslista í kjördæmi er

skipa efstu sæti hans, tvöfalt fleiri en komu í hlut listans samkvæmt kosningaúrslitum, sbr. 107. og 108. gr., þó aldrei færri en þrír. Þessi tala frambjóðenda kallast röðunartala listans.

□ Til þess að finna hverjir þessara frambjóðenda hafa náð kosningu skal landskjörstjórn reikna þeim frambjóðendum sem til álita koma skv. 1. mgr. atkvæðatölu. Frambjóðandi sem skipar 1. sæti á óbreyttum atkvæðaseðli eða er raðað í það sæti á breyttum seðli fær eitt atkvæði. Sá sem lendir með sama hætti í 2. sæti fær það brot úr atkvæði að í nefnara sé röðunartala en í teljara sú tala að frádregnum einum. Síðan lækkar teljarinn um einn við hvert sæti.

□ Sá frambjóðandi á hverjum lista, sem fær hæsta atkvæðatölu skv. 2. mgr., hlýtur 1. sæti listans. Sá frambjóðandi, sem fær næsthæsta atkvæðatölu, hlýtur 2. sætið og þannig koll af kalli uns lokið er úthlutun þingsæta og sæta varamanna. Nú fá tveir eða fleiri frambjóðendur jafnháa atkvæðatölu og skal þá hluta um röð þeirra á listanum.

□ Aðrir frambjóðendur en þeir sem koma til greina sem þingmenn og varaþingmenn skv. 1. mgr. halda þeim sætum sem þeir skipa á framboðslista án tillits til breytinga sem gerðar hafa verið á kjörseðlum.

XVII. kafli. Útgáfa kjörbréfa.

■ **111. gr.** Þegar landskjörstjórn hefur úthlutað þingsætum skv. 107.–110. gr. skal hún tafarlaust fá hinum kjörnu þingmönnum og að svo stöddu jafnmörgum varaþingmönnum kjörbréf sem samin skulu samkvæmt fyrirmynd er [ráðuneytið]¹⁾ segir fyrir um.

□ Jafnskjótt og kjörbréf hafa verið afhent skal landskjörstjórn tilkynna stjórnarráðinu um úrslit kosninganna og senda nöfn hinna kjörnu þingmanna til birtingar í Stjórnartíðindum.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

■ **112. gr.** Nú er ágreiningur milli umboðsmanna stjórnmalasamtaka, sem þátt hafa tekið í alþingiskosningum, og landskjörstjórnar um felldan úrskurð og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Landskjörstjórn sendir [ráðuneytinu]¹⁾ eftirrit af gerðabók sinni um úthlutun þingsæta, svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnnum sem ágreiningur kann að vera um, en [ráðuneytið]¹⁾ leggur það fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

■ **113. gr.** Nú hefur Alþingi úrskurðað, eftir almennar alþingiskosningar, að kosning einhvers lista sé ógild og uppkosning hefur farið fram, sbr. 120. og 121. gr., og skal þá landskjörstjórn endurúthluta kjördæmissætum þar sem uppkosning hefur farið fram skv. 107. gr. og úthluta jöfnunarsætum að nýju skv. 108. gr. Fyrri úthlutun fellur þá úr gildi.

XVIII. kafli. Kosningum frestað og uppkosningar.

■ **114. gr.** Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá undirkjörstjórn til kjörfundar að nýju innan viku. Birta skal fundarboðið á sama hátt og venja er að birta opinberar auglýsingar.

□ Farist kosning fyrir af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila skal undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórn sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má. Undirkjörstjórn kveður síðan til kjörfundar að nýju á þann hátt sem fyrir er mælt í 1. mgr.

□ Undirkjörstjórn getur frestað kosningu í kjördeild eftir að hún er hafin ef hún telur óviðráðanlegar ástæður eins og óveður hindra að kosning geti fram haldið og allir kjörstjórnarmenn eru sammála um frestunina, enda komi til samþykki

yfirkjörstjórnar. Hafi kosningu verið frestað ber að kveðja til kjörfundar að nýju á sama hátt og segir í 1. mgr.

□ Kjörstjórn sem kosin er skv. 2. mgr. 15. gr. kemur í stað undirkjörstjórnna við ákvörðun skv. 1.–3. mgr.

□ Þegar kosningu hefur verið frestað skal í öllu svo að farið sem fyrir er mælt í 95. gr., eftir því sem við á, að því viðbættu að kjörskráreintök þau sem kjörstjórnin hefur haft til afnota skulu lögð með öðrum kjörgögnum. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari kjördag opnar kjörstjórn umbúðir þær sem kjörgögnin eru í í viðurvist frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé umboðsmaður eigi mættur kveður hún til valinkunnan mann til að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði má þó opna umbúðir og hefja kosningu þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði XIV. kaffla, eftir því sem við á.

□ Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefur farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosningu fara fram í kjördeildinni og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og fyrir segir.

■ **115. gr.** Nú verður uppkosning nauðsynleg fyrir það að kosning er úrskurðað ógild skv. 46. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 120. og 121. gr. þessara laga, og skal þá [ráðuneytið]¹⁾ með auglýsingu kveðja til nýrra kosninga í kjördæmi og ákveða kjördag svo fljótt sem því verður við komið og eigi síðar en innan mánaðar.

□ Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrir mælum þessara laga.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

XIX. kafli. Skýrslur til Hagstofu.

■ **116. gr.** Kjörstjórnir skulu senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublöð sem Hagstofan lætur í té.

XX. kafli. Óleyfilegur kosningaáróður og kosninga-spjöll.

■ **117. gr.** Það er óleyfilegur kosningaáróður og kosninga-spjöll:

a. að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum ef kosning fari svo eða svo, að torvela öðrum sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar, svo og að beita þvingunaráðstöfunum í sambandi við kosningar,

b. að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi merki stjórnmalasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ.e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni,

c. að hafa merki stjórnmalasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma,

d. að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess að maður verði settur á kjörskrá sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns er stendur á kjörskrá; hér undir heyrir sérstaklega

ef maður telur sig til málamynda eiga lögheimili í kjördæmi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá,

e. að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar,

f. að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði sem greitt hefur verið, eða á annan hátt.

XXI. kafli. Kosningakæur.

■ **118. gr.** Nú kærir einhver kjósandi að þingmann er kosningu hlaut skorti einhver kjörgengisskilyrði eða að framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinn eða kosinn svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan fjögurra vikna frá því að kosningaúrslit voru auglýst, en þó áður en næsta Alþingi kemur saman, senda [ráðuneytinu]¹⁾ kæru í tveimur samritum. [Ráðuneytið]¹⁾ sendir þegar í stað umboðsmönnum framboðslistans annað samritið en hitt skal lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

■ **119. gr.** Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð sveitarstjórna, kjörstjórna eða Alþingis, skal beina til hlutaðeigandi lög-reglustjóra og fer um þau að hætti [sakamála].¹⁾

□ Engum kjósanda, sem greitt hefur atkvæði við kosningar til Alþingis, er skylt að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli hvernig hann hefur greitt atkvæði.

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr.

XXII. kafli. Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.

■ **120. gr.** Ef Alþingi berst kæra um að nýkosinn þingmann skorti skilyrði fyrir kjörgengi eða sé á annan hátt ólöglega framboðinn eða kosinn rannsakar það kærana og fellir úrskurð um hana jafnframt því sem það rannsakar kjörbréf hvers nýkosins þingmanns ásamt gögnum þeim er Alþingi berast frá landskjörstjórn og yfirkjörstjórn viðvíkjandi kosningu hans, og úrskurðar um gildi kosningarinnar á þann hátt sem nánar er fyrir mælt í þingsköpum.

□ Ef þingmaður er ekki kjörgengur úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

□ Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda og einnig án þess ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa vísvitandi átt sök á misfellunum, enda séu þær verulegar. Fer um alla þingmenn, kosna af listanum, eins og annars um einstakan þingmann ef misfellurnar varða listann í heild.

□ Ef þingmaður hefur verið í kjöri á tveimur listum í kjördæmi eða kjördæmum við hinar sömu alþingiskosningar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

■ **121. gr.** Nú hefur Alþingi úrskurðað kosningu heils lista í kjördæmi ógilda, og skal þá uppkosning fara þar fram.

XXIII. kafli. Hvernig varamenn taka þingsæti.

■ **122. gr.** Varamenn þingmanna taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 109. og 110. gr. þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir af, falla frá eða forfallast og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Forfallist varamaður sökum veikinda eða annars, segi hann af sér, missi kjörgengi eða falli frá tekur sá varamannssæti sem næstur er í röðinni og ekki var áður varamaður.

□ Ef þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

XXIV. kafli. Kostnaður.

■ **123. gr.** Um greiðslu kostnaðar við framkvæmd á lögum þessum fer sem hér segir:

a. Ríkissjóður greiðir nauðsynlegan kostnað við störf landskjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld er [ráðuneytið]¹⁾ eða landskjörstjórn lætur í té, svo og fyrir húsnæði til afnota fyrir landskjörstjórn.

b. Ríkissjóður greiðir nauðsynlegan kostnað við störf yfirkjörstjórna [og umdæmiskjörstjórna]²⁾ og fyrir kjörgögn þau og áhöld er yfirkjörstjórnir láta í té, svo og fyrir húsnæði þar sem talning atkvæða fer fram.

c. [Ríkissjóður greiðir]³⁾ nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og kjörstjórna skv. 2. mgr. 15. gr. og fyrir kjörgögn þau og áhöld sem kjörstjórnir þessar láta í té, fyrir húsnæði til kjörfunda og fyrir atkvæðakassa.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr. ²⁾ L. 15/2003, 21. gr. ³⁾ L. 162/2006, 14. gr.

XXV. kafli. Refsiákvæði.

■ **124. gr.** Það varðar sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef sveitarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður hagar fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt eða vanrækir hana.

■ **125. gr.** Það varðar sektum:

a. ef maður býður sig fram til þingmennsku, vitandi að hann er ekki kjörgengur,

b. ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum,

c. ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra,

d. ef kjósandi sýnir af ásettu ráði hvernig hann kys eða hefur kosið,

e. ef maður njósnar um hvernig kjósandi kys eða hefur kosið,

f. ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til að fá aðstoð við kosningu,

g. ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðisbréfi sem honum hefur verið trúað fyrir eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna,

h. ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt sem greint er í d-lið 117. gr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum,

i. ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

■ **126. gr.** Það varðar sektum nema þyngri refsing liggir við eftir öðrum lögum:

a. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósnar um hvernig kjósandi kys eða hefur kosið, eða gefur vísvitandi villandi kosningaleiðbeiningar,

b. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri [eða fulltrúi kjósanda],¹⁾ sem aðstoð veitir, segir frá því hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði,

c. ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri eða sá sem tekið hefur að sér flutning kjörgagna skv. 54. eða 95. gr. tefur fyrir að þau komist til skila,

d. ef maður torveldar öðrum sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar,

e. ef maður greiðir atkvæði á tveimur stöðum við sömu alþingiskosningar,

[f. ef fulltrúi kjósanda skv. 63. eða 86. gr. gerist fulltrúi annars kjósanda við sömu kosningu].¹⁾

¹⁾ L. 111/2012, 3. gr.

■ **127. gr.** Það varðar sektum nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum:

a. ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni,

b. ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákvæðinn hátt.

■ **128. gr.** Það varðar fangelsi allt að fjórum árum:

a. ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill,

b. ef maður vísvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort á þann hátt að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim sem notaðir eru við kosningu, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða á annan hátt.

XXVI. kafli. Breytingar á lögum þessum.

■ **129. gr.** Lögum þessum verður breytt eins og fyrir er mælt

í stjórnarskránni.

□ Ákvæðum 6. gr. um kjördæmamörk og ákvæðum 107.–108. gr. um úthlutun þingsæta verður ekki breytt nema með samþykki $\frac{2}{3}$ atkvæða á Alþingi, sbr. 6. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar.

XXVII. kafli. Gildistaka og breytingar á öðrum lögum.

■ **130. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Þrátt fyrir ákvæði síðari málsliðar 1. mgr. 130. gr. skal beita lögum nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum, við forsetakjör á árinu 2000 eftir því sem við á og ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, með síðari breytingum. Jafnframt skulu yfirkjörstjórnir er kosnar voru samkvæmt þeim lögum að loknum alþingiskosningum 1999, á 124. löggjafarþingi, halda umboði sínu að því er það varðar.

■ **II.** Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð yfirkjörstjórna sem kjörnar voru skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1987, síðast í júní 1999, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða I. Alþingi skal þegar í stað kjósa yfirkjörstjórnir skv. 1. mgr. 13. gr. í lögum þessum.

■ **[III. . . .¹⁾²⁾**

¹⁾ L. 7/2009, 3. gr. ²⁾ L. 7/2009, 1. gr.